

## Það styttist í sumarfríð!

Félagsmönnum Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni bjóðast fjölbreyttir valkostir næsta sumar hvað varðar sumarhús og íbúðir.

Jafn mörg hús verða í boði fyrir félagsmenn í sumar og undanfarið, þ.e. tvær íbúðir í Reykjavík, ein á Egilsstöðum, tvö hús á Illugastöðum, eitt í Flókalundi, Skógarsel í Vaglaskógi og tvö hús í Ölfusborgum. Annað húsið í Ölfusborgum er í helmingseign á móti Verkalýðsfélagi Vestfirðinga og eiga félagar í FVSA því rétt á að leigja húsið aðra hverja viku í sumar.

Í öllum okkar íbúðum og sumarhúsum er boðið upp á sjónvarp og útvarp. Þá er samnanbrjótanlegt ungbarnarúm á öllum stöðum, sem og ungbarnastólar.

Nánar er sagt frá þeim húsum og íbúðum, sem í boði



eru í sumar, í opnu fréttabréfsins. Húsin á Illugastöðum, í Vaglaskógi og í Ölfusborgum eru einnig til leigu yfir vetrarmánuðina.

Síðastliðið sumar fengu 114 félagsmenn úthlutað vikuvöl í orlofshúsi en hafna þurfti 67 umsækjendum.

• **Með fréttabréfinu fylgir umsóknareyðublað sem umsækjendur þurfa að fylla út og senda til félagsins eigi síðar en 31. mars nk. Umsækjendur fá síðan sent skriflegt svar.**

## Skemmtiferðir á vegum FVSA

Á hverju ári stendur FVSA fyrir nokkrum skemmtiferðum og uppákomum fyrir félagsmenn sína. Í apríl í fyrra var m.a. farið í tvær leikhúsfarir sem tókust í alla staði mjög vel og var góður rómur gerður að ferðunum.

Í annarri ferðinni var lífeyrisþegum félagsins boðið að sjá leikritið Stundarfríð, sem sýnt var á Melum í Hörgárdal. Alls þáðu 92 lífeyrisþegar boðið, skelltu sér í leikhús og nutu einnig dýrindis kaffihlaðborðs, sem boðið var upp á fyrir sýninguna. Í hinn ferðinni var öllum, sem gegna trúnaðarstörfum fyrir félagið, ásamt mökum, boðið í ferð til Húsavíkur að sjá leikritið Sambýlingar. Að sýningu lokinni var boðið upp á kvöldverð á Veitingahúsinu Sölku. Alls nýttu 62 einstaklingar sér boðið.



Það var gott kaffið í Þelamerkurskóla. Hér eru nokkrir þeirra 90 lífeyrisþega sem sáu leikritið Stundarfríð.

### Dettifosshringur

Í ágúst var farið í árlega sumarferð félagsins. Í þetta sinn fóru 50 félagar í FVSA svokallaðan Dettifosshring. Keyrt var um Húsavík til Hljóðakletta, þaðan var svo farið í Skúlagarð þar sem dýrindis hádegisverður var snæddur með bestu lyst. Frá Skúlagarði var keyrt í Ásbyrgi, þaðan að Dettifossi og svo var ekið að Skútustöðum þar sem glæsilegt kaffihlaðborð beið ferðalanganna. Að borðhaldi loknu var ekið að Goðafossi og þaðan heim til Akureyrar á ný.

Fararstjórar og leiðsögumenn ferðarinnar, hjónin Ingólfur Ármannson og Hrefna Hjálmarsdóttir, voru ótæmandi fróðleiksbrunnur um allt sem fyrir augu bar.



50 manns fóru í árlega sumarferð FVSA.

## Reksturinn skilaði 12,2 milljóna króna hagnaði

Aðalfundur Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni (FVSA) var haldinn á Akureyri 13. febrúar sl. Þar kom meðal annars fram að sjúkrasjóður félagsins var rekinn með um 1,4 milljóna króna hagnaði á árinu 2005 og orlofssjóður með um 620.000 króna hagnaði. Alls skilaði rekstur félagsins 12,2 milljónum króna í hagnað þegar á heildina er litið, samanborið við 10,6 milljónir króna árið á undan.

Fullgildir félagsmenn voru um síðustu áramót 1.540, 637 karlar og 903 konur, þar af eru 257 gjaldfrjálsir en gjaldfrjálsir eru starfandi félagsmenn 67 ára og eldri svo og lífeyrisþegar.

### Afkoman betri

Afkoma félagsins var rúmlega 2,2 milljónum krónum betri en árið á undan. Félagssjóður var rekinn með 2,4 milljóna króna hagnaði, samanborið við rúmlega 9 milljóna króna hagnað árið 2004. Afkoma sjúkrasjóðs var jákvæð um 1,4 milljónir króna, samanborið við 1,3 milljóna króna tap árið áður. Greiðslur úr sjóðnum námu 29,5 milljónum króna á árinu 2005 og hækkðu um 520.000 krónur á milli ára. Tæplega helmingur upphæðarinnar voru sjúkradagpeningar, um 6 milljónir vegna sjúkraþjálfunar og sjúkranudds, 3,4 milljónir dánarbætur og 3,1 milljón var niðurgreiðsla vegna heilsuræktar. Aðrir styrkir námu 1,2 milljónum, styrkir vegna krabbameinsleitar og Heilsugæslustöðvar Akureyrar námu 700 þúsund krónum og niðurgreiðsla lyfjakostnaðar nam 600 þúsund krónum.

### Töluverðar breytingar á rekstri orlofshúsanna

Orlofssjóður var rekinn með um 620.000 króna hagnaði samanborið við 5,2 milljóna króna tap árið á undan. Á



Aðalfundurinn var vel sóttur.

árinu seldi félagið gamla húsið nr. 2 á Illugastöðum, sem var keypt árið áður í þeim tilgangi að selja það og láta smíða nýtt á gamla grunninn. Þá var einnig tekin sú ákvörðun að selja sumarhúsið í Aðaldal, en þar hafði nýting ekki verið sem skyldi og aðeins um sumarleigu að ræða. Í Ölfusborgum var byggð sólstofa við húsið sem félagið á með Verkalýðsfélagi Vestfirðinga.

Miklar framkvæmdir standa nú yfir á Illugastöðum. Ákveðið var að leggja þangað hitaveitu, en það þýðir gjörbreytingu á gæðum og allri nýtingu orlofshúsanna. Vatnshitakerfi verður lagt í öll hús félagsins, sólpallar stækkaðir og heitir pottar keyptir. Framkvæmdum á að ljúka í júní og húsin verða því tilbúin til útleigu í júlí.

### Sterk eiginfjárstaða

Eiginfjárstaða félagsins er mjög sterk, því eigið fé þess í árslok 2005 nam um 240 milljónum króna en skuldir voru tæpar 2,3 milljónir króna.

## Áhyggjur af atvinnuleysi

Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, formaður FVSA, sagði á aðalfundi félagsins að atvinnuleysi á félagssvæðinu hafi verið það mesta á landinu síðasta árið og að á meðal félagsmanna FVSA sé það allt of mikið.



Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, formaður FVSA.

„Í desember, þegar atvinnuleysi ætti að vera minnst hjá okkar fólki, voru 62 á skrá, sem er um 5% af fullgildum greiðandi félagsmönnum. Flestir voru á atvinnuleysiskrá í apríl í fyrra eða 79 manns, 68 konur

og 11 karlar. Það skal tekið fram að alltaf eru einhverjir einstaklingar að hluta til í vinnu á móti atvinnuleysisbótum og jafnvel einhverjir ekki á skrá allt tímabilið,“ sagði Úlfhildur

### Ungt fólk án atvinnu

Aldursskiptingin vekur athygli, en 35% eru á aldrinum 19-29 ára. „Þetta er mjög alvarlegt ástand og mikið áhyggjuefni að svo margt ungt fólk skuli vera án atvinnu. Atvinnuleysið og þessi þrönga staða á vinnumarkaði leiðir af sér erfiðleika hjá fleiri félagsmönnum okkar en bara þeim atvinnulausu. Fólk er hrætt um að fá ekki vinnu aftur ef það missir vinnuna og margir láta því miður yfir sig ganga ýmislegt sem viðgengist ekki ef næga vinnu væri að hafa. Fólk treystir sér jafnvel ekki til að biðja um launaviðtal, sem er þó liður í kjarasamningnum og félagsmenn eiga rétt á árlega,“ sagði Úlfhildur að lokum.

# Ný reglugerð Sjúkrasjóðs FVSA

Ný reglugerð Sjúkrasjóðs FVSA var samþykkt á aðalfundi félagsins þann 13. febrúar sl. og tók hún gildi þann 1. mars sl. Verkefni sjóðsins er að veita sjóðfélögum fjárhagsaðstoð í veikinda-, slysa- og dánartilvikum.

## Dagpeningar

Styrkir í formi dagpeninga eru greiddir samkvæmt eftirfarandi reglum:

- Sjóðsfélagar fá greidda dagpeninga í veikinda- og slysaforföllum í 180 daga (6 mánuði) að loknum greiðslum skv. veikinda- og slysaréttarákvæðum kjarasamninga.
- Dagpeningar skulu að viðbættum bótum almannaþrygginga, greiðslum úr slysaþryggingu launafólks eða annarri lögbundinni tryggingu, ekki nema lægri fjárhæð en 80% af meðaltali þeirra heildarlauna sem iðgjald hefur verið greitt af á síðustu 6 mánuðum.
- Sjóðsfélagar fá greidda dagpeninga í 90 daga (3 mánuði) að loknum kjarasamningsbundnum greiðslum launagreiðanda vegna langveikra og alvarlega fatlaðra barna.

- Sjóðsfélagar fá greidda dagpeninga í 90 daga (3 mánuði) vegna mjög alvarlegra veikinda maka.

## Sjóðsfélagar fá eftirtalda styrki greidda úr sjúkrasjóði:

- |                                   |  |
|-----------------------------------|--|
| • Sjúkraþjálfun                   | greidd að fullu                                      |
| • Krabbameinsleit                 | greidd að fullu                                      |
| • Líkamsrækt                      | 35%, hámark kr. 10.000                               |
| • Sálfræðiþjónusta                | 35%, hámark kr. 20.000                               |
| • Nudd utan TR                    | 35%, hámark kr. 20.000                               |
| • Gleraugnagler                   | 35%, hámark kr. 15.000                               |
| • Vímuefnaeðferð                  | sjúkradagpeningar meðan á meðferð stendur            |
| • Heilsugæslustöðin - endurhæfing | 70%  |
| • Gigtarleikfimi                  | 70%  |
| • Lyfjakostnaður                  | 50% af upphæð umfram kr. 20.000, - hámark kr. 15.000 |
| • Heilsustofnun NLFÍ              | 50% af dvalarkostnaði                                |
| • Glasa-/tækniþjónungun           | 50% af meðferðarkostnaði                             |
| • Dánarbætur                      | kr. 300.000  |
| • Dánarbætur                      | kr. 200.000 v/lífeyrisþega                           |

# Orlofsuppbót

Starfsfólk, sem hefur áunnið sér fullan orlofsrétt með starfi hjá sama vinnuveitanda næstliðið orlofsár og er í starfi síðustu viku apríl eða fyrstu viku maí, skal við upphaf orlofstöku eða eigi síðar en 15. ágúst fá greidda sérstaka eingreiðslu, orlofsuppbót, kr. 16.900 á orlofsárinu 2005-2006 miðað við fullt starf en hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma. Starfshlutfall miðast við fasta reglubundna vinnu, þó að hámarki 39,5 stundir hjá afgreiðslufólki og 37,5 stundir hjá skrifstofufólki á viku. Fullt starf telst í þessu sambandi 45 unnar vikur eða meira fyrir utan orlof.



Ljós.: Myndrún/Rúnar Þór

## Orlofsuppbót vegna áunnins tíma

Láti starfsmaður af störfum vegna aldurs eða eftir 12 vikna samfelld starf á orlofsárinu skal hann við starflokka fá greidda orlofsuppbót vegna áunnins tíma, miðað við starfshlutfall og starfstíma. Sama gildir þótt starfsmaður sé frá störfum vegna veikinda eftir að greiðsluskyldu vinnuveitanda lýkur eða vegna fæðingarorlofs allt að sex mánuðum.

Heimilt er með samkomulagi milli starfsmanns og vinnuveitanda að fella niður eða lækka orlofs- og/eða desemberuppbót og veita samsvarandi frí í staðinn, sem tekur mið af launum hvers og eins.

Orlofsuppbót er föst tala og tekur ekki launabreytingum skv. öðrum ákvæðum og á hana greiðist ekki orlof.

## Er trúnaðarmaður á þínum vinnustað?

Stjórn FVSA vill hvetja félagsmenn sína til að kjósa trúnaðarmann á vinnustaðnum ef þar er ekki starfandi trúnaðarmaður. Vinnustaðir þar sem starfa fimm eða fleiri eiga rétt á að hafa trúnaðarmann.

„Trúnaðarmaður er í raun tenging við félagið og okkur í félaginu finnst það mjög mikils virði að á hverjum vinnustað sé einstaklingur, sem sinnir þessu starfi,“ segir Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, formaður félagsins.



## Orlofsbyggðin Flókalundi, Vatnsfirði

**Lýsing:** Þessi staður er nú í boði í þriðja sinn og nýtur mikilla vinsælda. Í húsinu eru tvö svefnherbergi, með alls fimm til sex svefnplássum, stofa og eldhús með öllum algengustu eldhústækjum. Sjónvarp er í húsinu og sundlaug með heitum potti er einungis til afnota fyrir gesti sem dveljast í orlofshúsabyggðinni.

**Skiptidagar:** Afhending hússins til komugesta er kl. 16 á föstudögum en þeir þurfa að skila því kl. 14 á skiptidögum.



**Lyklar:** Afhendast hjá umsjónarmanni orlofsbyggðarinnar.

**Okkar álit:** Skemmtileg staðsetning og rómuð veður-sæld. Ýmsir möguleikar í dagsferðum, gönguferðum, fjöruferðum og þannig mætti áfram telja.

## Skógarsel, Vaglaskógi

**Lýsing:** Skemmtilega staðsett sumarhús á bökkum Fnjóskár og í miðjum Vaglaskógi. Í húsinu eru tvö svefn-



herbergi, góð stofa, eldhús með öllum búnaði, baðherbergi og sturta. Gistiaðstaða er fyrir átta manns. Rúmföt fylgja en án líns. Við húsið er stór heitur pottur með nuddi. Umhverfis húsið er stór girtur garður og í honum er barnaleiktæki og barnahús.

**Skiptidagar:** Húsið leigist í eina viku í senn. Afhending hússins til komugesta er kl. 16 á föstudögum en þeir þurfa að skila því kl. 14 á skiptidögum.

**Lyklar:** Afhendast á skrifstofu FVSA.

**Okkar álit:** Frábært umhverfi, veðursæll og rómaður staður fyrir fjölskylduna. Hægt er að tjalda á lóðinni og því er þetta staður stórfjölskyldunnar.

## Ljósheimar 6, Reykjavík (tvær íbúðir)

**Lýsing:** Tvær þriggja herbergja íbúðir í Ljósheimum 6, á sjöttu og sjöundu hæð. Íbúðirnar eru vel búnar og vistlegar. Tvö svefnherbergi eru í hvorri íbúð, góð stofa, vel bútt eldhús og baðherbergi með sturtu. Rúmföt fylgja og lín á þau. Gistiaðstaða er fyrir sex manns í hvorri íbúð.

**Skiptidagar:** Íbúðirnar eru leigðar í viku í senn og skipt á miðvikudögum. Íbúðirnar eru til afhendingar kl. 16 en dvalargestir þurfa að skila þeim kl. 14 á skiptidögum.

**Lyklar:** Afhendast á skrifstofu FVSA.

**Okkar álit:** Sívinsælar íbúðir, enda vel staðsettar á höfuðborgarsvæðinu. Verslunarmiðstöðin í Glæsibæ er rétt við húsið og stutt í Laugardalinn, Skeifuna og fleiri staði. Dvalargestir þurfa að skila íbúðunum kl. 14 á skiptidögum.



## Niðurgreidd tjaldvagnaleiga

Félagsmenn eru minntir á að FVSA niðurgreiðir tjaldvagnaleigu. Greiddur er helmingur af vikuleigu, þó að hámarki krónur 12.000. Skila þarf reikningum til skrifstofu félagsins til að fá endurgreiðslu.



## Útgarður 6, Egilsstöðum

**Lýsing:** Þrjú herbergja íbúð í fjölbýlishúsinu Útgarði 6, annarri hæð. Í íbúðinni eru tvö svefnherbergi, stór stofa, eldhús með öllum búnaði og baðherbergi með sturtu og baði. Einnig er þvottahús í íbúðinni. Gistirými er fyrir sex manns. Húsið í heild lítur mjög vel út, það er með stórum svölum með sólhúsgögnum og útsýnið er mjög gott.

**Skiptidagar:** Íbúðin leigist í eina viku í senn. Afhending íbúðarinnar til komugesta er kl. 16 á föstudögum en þeir þurfa að skila henni eigi síðar en kl. 14 á skiptidögum.



**Lyklar:** Afhendast á skrifstofu FVSA. Í neyð er hægt að fá lykla á skrifstofu Verslunarmannafélags Austurlands.

**Okkar álit:** Þægilegur staður í hjarta Austurlands með mikla möguleika á dagsferðum í allar áttir. Mikil afþreying er í boði á þessu svæði.

## Orlofsbyggðin Ölfusborgum

**Lýsing:** Í sumar verða tvö hús í boði í orlofsbyggðinni í Ölfusborgum: Eitt sumarhús í helmingseign félagsins á móti Verkalýðsfélagi Vestfirðinga og annað í leiguskiptum við VR. Vel búin hús á skemmtilegum stað, með tveimur svefnherbergjum og á staðnum er gistimöguleiki fyrir sex til átta manns.

Rúmföt fylgja, án líns, en hægt er að leigja rúmföt á staðnum. Eldhús með öllum búnaði, góð stofa og baðherbergi með sturtu. Heitur pottur er við húsin og leikþæki eru fyrir börn á útsvæði. Nýbúið er að byggja sólstofu við annað húsið. Stutt er í Hveragerði þar sem er verslun, ýmis þjónusta og afþreying.

**Skiptidagar:** Húsin leigjast í eina viku í senn. Af-



hending húsanna til komugesta er milli kl. 15 og 21 á föstudögum en þeir þurfa að skila húsunum kl. 12 á skiptidögum.

**Lyklar:** Afhendast hjá umsjónarmanni í Ölfusborgum.

**Okkar álit:** Góður orlofskostur í grónu sumarhúsa-hverfi. Margir möguleikar hvað varðar ferðir um Suður- og Suðvesturland.

## Illugastaðir: Hús nr. 2 og 19

**Lýsing:** Tvö hús í sumarhúsabyggðinni á Illugastöðum í Fnjóskadal. Þetta eru bjálkahús byggð árin 2001 og 2004. Í húsunum eru tvö svefnherbergi, vel búin eldhús, stofa og baðherbergi með sturtu. Svefnrými er fyrir sex manns og að auki eru svefnsófar í stofu.

Vorið 2004 var tekin í notkun nýinnréttað neðri hæð í húsinu númer 19 á Illugastöðum. Á hæðinni er svefnpláss fyrir tvo auk eldunaraðstöðu. Húsið er leigt í einu lagi og þar er svefnpláss fyrir 10 manns. Það er því tilvalið fyrir stórfjölskylduna en hentar ekki síður minni hópum.

Miklar framkvæmdir standa nú yfir á Illugastöðum. Ákveðið var að leggja þangað hitaveitu sem þýðir gjörbreytingu á gæðum og allri nýtingu orlofshúsanna. Í húsin okkar þrjú verður lagt vatnshitakerfi, sólpallar stækkaðir og heitir pottar keyptir. Framkvæmdum á að ljúka í júní og húsin verða því tilbúin til útleigu í júlí.

Rúmföt fylgja, án líns, sem hægt er að leigja hjá umsjónarmanni í þjónustumiðstöð. Hægt er að kaupa þríf í lok vikuleigu fyrir kr. 1.500.- (afþurrkun, þríf á gólfum og snyrtingu). Á svæðinu er sundlaug með heitum potti, minigolf, barnaleikvöllur og lítil verslun.

**Skiptidagar:** Húsin leigjast í eina viku í senn. Afhending húsanna til komugesta er milli kl. 17 og 21 á



föstudögum en þeir þurfa að skila húsinu eigi síðar en kl. 15 á skiptidögum.

**Lyklar:** Afhendast hjá umsjónarmanni á Illugastöðum.

**Okkar álit:** Klassískur fjölskyldustaður eins og hann gerist bestur hér á landi. Mikið við að vera og óteljandi möguleikar hvað varðar dagsferðir, gönguferðir og aðra afþreyingu.

**Vetrarleiga:** Orlofshúsin á Illugastöðum eru einnig leigð yfir vetrarmánuðina, en þá er um sólarhringsleigu að ræða.



## Óbreytt stjórn FVSA

Aðeins eitt framboð barst FVSA vegna kjörs stjórnar, fulltrúaráðs og skoðunarmanna fyrir árið 2006. Stjórnin var því sjálfkjörin og er skipuð eftirfarandi einstaklingum: Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, kjörin formaður til 2ja ára 2005, skrifstofa FVSA; Páll H. Jónsson, kjörinn varaformaður til tveggja ára 2005, Hafnasamlag Norðurlands; Einar Hjartarson, kjörinn til 2ja ára 2006, Eimskip; Friðbjörg Jóhannsdóttir, kjörin til 2ja ára 2006, Samkaupum Dalvík og Reynir Svanholt, kjörinn 2005 til tveggja ára, Esso. Í varastjórn eru Elísabet Hallgrímsdóttir, Hildur Tryggvadóttir, Húsasmiðjan og Svavar Hannesson, Norðlenska matborðið.

Skoðunarmenn reikninga verða þeir sömu og í fyrra. Gylfi Pálsson, Fódursalan-Bústólpi og Eiður Eiðsson, Kjarnaæði. Til vara er Magnús Kristinsson, Ekran ehf.

### Fulltrúaráð

12 aðalmenn og 6 varamenn í Fulltrúaráð félagsins voru einnig kjörnir til eins árs á fundinum.

#### Fulltrúaráð

Erla Bjarnadóttir,	Samkaup Úrval, Hrísalundi
Árni Þorvaldsson,	Byko
Heiðar K. Ólafsson	Nettó, Glerártorgi
Margrét Guðmundsdóttir,	Penninn-Bókval
Júlía Sjöfn Sigurjónsdóttir,	Brauðgerð K. Jónssonar
Þórdís Bjarnadóttir,	Höldur
Eiður Stefánsson,	Flugfélag Íslands



Fulltrúar á aðalfundi FVSA.

Nína G. Ingvarsdóttir,	Hagkaup
Guðmundur Kristjánsson,	Húsasmiðjan Dalvík
Steindór Hermannsson,	Skeljungur Hörgárbraut
Sigurlaug Hinriksdóttir,	Samkaup Strax, Byggðavegi
Erna Magnúsdóttir,	Bifreiðastöð Oddeyrar

#### Varamenn í fulltrúaráð

Óskar Óskarsson,	Samkaup Úrval, Hrísalundi
Gíslína Benediktsdóttir,	Brauðgerð K. Jónssonar
Guðjón Rúnar Guðjónsson,	Flugfélag Íslands
Signý Sigurðardóttir,	Nettó, Glerártorgi
Anna María Elíasdóttir,	Þormóður rammi-Sæberg
Joan Katrín Lénharðsdóttir,	Álnabær

## Heimasíða FVSA notuð í vaxandi mæli



Heimasíða FVSA er notuð í vaxandi mæli. Síðan fékk 6.300 heimsóknir á árinu 2004 en rúmlega 17 þúsund heimsóknir árið 2005, sem er tæplega þreföldun á milli ára. Greinilegt er að félagsmenn FVSA eru tæknisinnar því mun fleiri félagsmenn skiluðu inn launa-könnuninni, sem fram fór nýlega, rafrænt en á pappír.

Fyrir þá sem ekki vita, er slóðin inn á heimasíðuna [www.fvsa.is](http://www.fvsa.is) en þar má finna allar almennar upplýsingar um starfsemi félagsins, nýjustu fréttir, skilaboð til félagsmanna, rafræn umsóknareyðublöð og margt fleira.

## Veikindi í orlofi

Veikist starfsmaður í orlofi innanlands það alvarlega að hann geti ekki notið orlofsins skal hann á fyrsta degi tilkynna það atvinnurekanda, t.d. með tölvupósti eða símskeyti. Fram skal koma hjá hvaða lækni hann hyggst fá læknisvottorð.

Sama gildir ef starfsmaður veikist í landi innan EES-svæðisins, í Sviss, Bandaríkjunum eða Kanada, það alvarlega að það leiði til sjúkrahúsvistar (í einn eða fleiri daga).

Fullnægi starfsmaðurinn tilkynningarskyldunni og standi veikindin lengur en í þrjá sólarhringa innanlands eða sex sólarhringa innan EES-svæðisins, í Sviss, Bandaríkjunum eða Kanada, á hann rétt á uppbótarorlofi í jafn langan tíma og veikindin sannanlega vörðu. Undir framangreindum kringumstæðum skal starfsmaður ávallt færa sönnur á veikindi sín með læknisvottorði.

Uppbótarorlof skal, eftir því sem kostur er, veitt á þeim tíma sem launþegi óskar og skal veitt á tímabilinu 2. maí til 15. september, nema sérstaklega standi á.



# Launakönnun verslunarfólks á Norður- og Austurlandi

Í nóvember 2005 lét FVSA, í samvinnu við verslunarmannafélögin á Austurlandi, gera fyrir sig launakönnun. Rannsóknadeild Háskólans á Akureyri sá um gerð hennar og var könnunin send til 1.220 félagamanna. Svarhlutfall var 44% og því óhætt að segja að þátttakan hefði mátt vera meiri. Svarhlutfallið er samt mun betra en í síðustu launakönnun sem félagið, átti aðild að, en sú könnun var gerð árið 2002.

## Helstu niðurstöður könnunar:

### Meðalgrunnlaun eftir störfum eru eftirfarandi:

Almenn afgreiðslustörf	164 þúsund
Sérþjálfaður starfsm. verslana	232 þúsund
Almenn skrifstofustörf	190 þúsund
Sérhæfð skrifstofustörf	259 þúsund
Ferðamál	227 þúsund
Annað	288 þúsund

### Samkvæmt könnuninni er kynjabundin launamunur enn til staðar:

Meðalgrunnlaun karla eru	270 þús. á mánuði
Meðalgrunnlaun kvenna eru	208 þús. á mánuði
Meðalheildarlaun karla eru	303 þús. á mánuði
Meðalheildarlaun kvenna eru	229 þús. á mánuði

### Launamunur á milli landshluta

Meðalgrunnlaun félaga í FVSA eru 232 þúsund á mánuði. Þetta eru nokkuð lægri meðalgrunnlaun en hjá félögum í VR en meðalgrunnlaun þeirra í síðustu könnun VR, sem gerð var 2005, voru 270 þúsund á mánuði. Þetta þýðir að félagsmenn VR hafi að meðaltali rúm 16% hærri laun en félagsmenn FVSA. Hins vegar eru meðalgrunnlaun félaga í FVSA nokkuð hærri en hjá fé-

lögum í verslunarmannafélögum á Austurlandi. Þar eru meðalgrunnlaunin 202 þúsund á mánuði, eða tæpum 15% lægri.

### Niðurstöður

- Grunnlaun eru lægri en hjá VR en hærri en á Austurlandi.
- Heildarlaun eru lægri en hjá VR en hærri en á Austurlandi.
- Laun eru hæst í sérhæfðum skrifstofustörfum.
- Laun eru lægst í almennum afgreiðslustörfum.
- Nám hefur áhrif á laun.
- Kynbundinn launamunur er til staðar.

Sjá nánar á [www.fvsa.is](http://www.fvsa.is)

## Greiðslur úr Starfsmenntasjóði jukust mikið

Ánægjulegt er hversu mikil aukning hefur orðið á greiðslum úr Starfsmenntasjóði milli ára og greinilegt að félagsmenn eru mjög námfúsir.

310 félagsmenn fengu styrk á árinu en þeir voru 199 árið áður og er því um 55% aukningu að ræða. Nánast allar tekjur Starfsmenntasjóðs voru endurgreiddar til félagsmanna á árinu og er það í fyrsta sinn sem félagsmenn nýta sjóðinn svo vel.

Upphæð endurgreiðslna er allt frá því að vera 2.125 krónur, sem er helmingur af skráningargjaldi í framhaldsskóla, upp í að vera um 100.000 krónur vegna háskólanáms, en meðaltalsupphæð endurgreiðslu er tæpar 18.000 krónur.

## Félagssjóður styrkir góð málefni

Félagssjóður FVSA styrkti starf Mæðrastyrksnefndar Akureyrar um 200.000 þúsund krónur á árinu og greiddi 150.000 þúsund krónur til sameiginlegs átaks stéttarfélaganna á Akureyri til tækja-kaupa að endurhæfingaradeild Kristnesspítala.

Á aðalfundi félagsins var ákveðið að styrkja Iðnaðarsafnið um 250.000 þúsund krónur. Á myndinni má sjá er Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, formaður FVSA, afhenti Sigrúnu Björk Jakobsdóttur, formanni stjórnar Iðnaðarsafnsins, styrkinn þann 9. mars sl. Lengst til hægri er Jón Arnþórsson, frumkvöðull að stofnun Iðnaðarsafnsins og á bakvið Úlfhildi standa aðrir stjórnarmenn FVSA.



# Mikið um dýrðir á 75 ára afmælinu

Árið 2005 var sérstakt og ánægjulegt fyrir FVSA að því leyti að félagið varð 75 ára þann 2. nóvember sl. og setti það mark sitt á starfseminu á margan hátt. Veglegt afmælisblað var gefið út og borið í hvert hús á Eyjafjarðarsvæðinu í afmælisvikunni. Einnig var efnt til sýningar á munum og myndum frá liðinni öld, sem tengdust verslunar- og skrifstofustörfum svo og starfsemi félagsins.

## Glæsileg sýning

Margir lögðust á eitt við að gera sýninguna sem glæsilegasta, munir og myndir voru fengnar að láni frá Iðnaðarsafninu á Akureyri, Smámunasafni Sverris Hermannssonar og Minjasafninu á Akureyri. Auk þess lagði félagið sjálft til myndir og ýmis gömul gögn. Sýningin stóð yfir í tvo daga og vakti verðskuldaða athygli. Hátt í 400 manns mættu á svæðið og þáðu einnig kaffi og léttar veitingar.



Fjölmarginir glugguðu í gömul myndaalbúm í eigu félagsins.



Fjórir formenn. T.f.v.: Bragi Jóhannsson, Jóna Steinbergsdóttir, Páll H. Jónsson og Úlfhildur Rögnvaldsdóttir.

## Ósóttar gjafir

Allir félagsmenn sem komu á sýninguna fengu afhenta smá afmælisgjöf. Þeir sem komust ekki á sýninguna gátu og geta enn sótt hana á skrifstofu félagsins því enn eru margar gjafir ósóttar. Þeir einstaklingar, sem voru á félagaskrá í október 2005, eiga rétt á að fá afmælisgjöfina.

Í tilefni afmælisins var einnig ákveðið að greiða niður farmiða til félagsmanna, sem fóru í borgarferð í beinu flugi með Ferðaskrifstofu Akureyrar. Þetta átti við um ferðir til borganna Kaupmannahafnar, Dublinar og Varsjár. 65 félagsmenn nýttu þetta afmælistilboð og nam niðurgreiðslan 7.500 krónum á mann, alls kr. 487.500.



Hátt í 400 manns komu á sýninguna og drukku afmælistilboðið.



Margt að skoða.



Puríður Benediktsdóttir og Jóna Steinbergsdóttir glugga í merk rit.